

Samruni Orkunnar IS ehf., Skel fjárfestingafélags hf. og Wedo ehf.

1. Þann 9. júní 2023 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Orkunnar IS ehf. (hér eftir „Orkan“) á meirihluta hlutafjár Wedo ehf. (hér eftir „Wedo“), sbr. d. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunatilkynningin var fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 12. júní 2023. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
2. Í samrunaskrá segir að með samningi stærstu hluthafa Wedo, þ.e. Skel fjárfestingafélag hf. (hér eftir „Skel“) og Norvik hf., við Orkuna, hafi verið fallist á að auka hlutafé Wedo. Feli samruninn í sér að nýútgefið hlutafé, sem afhent verði Orkunni gegn greiðslu í formi eigna, verði svo í kjölfarið framselt Skel með uppgjöri innan samstæðunnar. Með viðskiptunum fari samstæða Skel úr því að vera minni hluthafi í að hafa full yfirráð í Wedo. Tap hafi verið á rekstri Wedo og eru markmið samrunans endurskipulagning og hagræðing í rekstrinum.
3. Aðilar samrunans eru Skel, Orkan, Wedo, Lyfsalinn ehf. og Gló veitingar ehf. en þetta eru þau félög, hvar starfsemi skarast að einhverju leyti og tekur samrunaskrá aðila mið af því. Önnur fyrirtæki innan samstæðu Skel hafa takmarkaða þýðingu við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans, verður því ekki fjallað nánar um þau í ákvörðuninni. Nánar um samrunaaðila:
 - a) Skel er fjárfestingafélag sem skráð er í Kauphöll. Félagið á 100% hlutafjár í Orkunni, Skeljungu og Gallon ehf. Félagið er einnig stærsti hluthafi Kaldalóns og á hlutafé í VÍS hf. og Reir þróun ehf.
 - b) Orkan starfar á markaði fyrir smásölu á dagvöru og rekur verðslanir undir nafninu 10-11 og Extra ásamt þremur verðslunum undir nafni Orkunnar.
 - c) Wedo er rekstraraðili Heimkaup. Stærstu hluthafar Heimkaupa eru Skel og Norvik hf. Heimkaup er netverðslun með heimsendingarþjónustu, sem hefur sérhæft sig í dagvöru- og sérvörusölu til neytenda. Innan Heimkaupa hafa verið reknar einingarnar hopkaup.is, sem var seld nýlega og bland.is, sem er í sölumeðferð.
 - d) Lyfsalinn ehf. er í 100% eigu Orkunnar og verður færður til Heimkaupa. Félagið starfar á markaðnum fyrir smásölu bæði lyfseðilsskyldra lyfja og lausasölulyfja. Heimkaup hefur ekki selt lyf.



- e) Gló veitingar ehf. er í 100% eigu Orkunnar og rekur veitingastaði í Fákafeni 11 og Austurstræti 17, Reykjavík. Þá framleiðir félagið tilbúin matvæli, sem einkum eru seld á starfsstöðvum Orkunnar og 10-11.
4. Að mati samrunaaðila er samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á mörkuðum, þar sem láréttrar skörunar gætir undir 20%. Telja samrunaaðilar samrunann hvorki leiða til myndunar né styrkingar á markaðsráðandi stöðu. Þá muni samruninn ekki raska samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
 5. Með samrunanum er verið að endurskipuleggja og hagræða í rekstri viðkomandi félaga líkt og áður sagði, og vonast Skel til þess að úr verði öflugt fyrirtæki á smásölumarkaði sem geti mögulega veitt stærri aðilum verðugt aðhald, neytendum til góðs.
 6. Telja samrunaaðilar að markaðir þar sem áhrifa gæti ásamt markaðshlutdeild vera; markaður fyrir sölu á dagvöru [0-5]%, markaður fyrir lyfsölu [5-10]% og markaður fyrir veitingastaði þar sem markaðshlutdeild samrunaaðila er hverfandi.
 7. Í ljósi þess að engin fækkun verði á fjölda keppinauta á markaði né breyting á markaðshlutdeild þeirra, óháð því hve þröngt mögulegir markaðir málsins yrðu skilgreindir er ekki þörf á frekari umfjöllun um markaðsskilgreiningar í þessari ákvörðun. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir sjónarmið samrunaaðila um mögulega vörumarkaði málsins og sennileg takmörkuð áhrif samrunans á samkeppni.
 8. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð neinar vísbendingar um að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna og lýkur rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Orkunnar IS ehf. á meirihluta hlutafjár Wedo ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson